



Fundargerð

Stjórn VJP - 132. fundur stjórnar VJP haldinn í Urriðaholtsstræti 6-8 og fjarfundi, 12. ágúst 2019, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir embættismaður.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 70 - 1906002F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis

2. Svæðisráð suðursvæðis - 71 - 1906003F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis

3. Svæðisráð vestursvæðis - 75 - 1907001F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis

4. Svæðisráð austursvæðis - 92 - 1908001F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis

5. Leyfisveitingar og akstur utanvega innan þjóðgarðs - 1908005

Fyrir fundinum lá bréf frá UAR og minnisblað um starfsemi þjóðgarðsins.

Stjórn leggur til að Vatnajökulspjóðgarður óski áhlits umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á þeim atriðum sem fram koma í minnisblaði lögfræðings sem lagt var fyrir fundinn varðandi lagaheimildir innan þjóðgarðsins fyrir tjöldun og undanþágur vegna utanvegaaksturs. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

6. Drekaþil Smávirðjun - 1711002

Fyrir fundinum lágu fyrir drög að samkomulagi vegna rafmagnsmála við Drekaþil.

Stjórn tekur jákvætt í að nýta orku sem verður til við rekstur smávirðjunar. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram.

7. Ice Lagoon - Erindi um starfsemi við Jökulsárlón - 1907008

Fyrir fundinum lá erindi frá Ice Lagoon

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna í samskiptum við fyrirtækið Ice Lagoon. Stjórn leggur til að áfram verði unnið á grundvelli gildandi samnings við fyrirtækið Ice Lagoon ehf.

8. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019

Fyrir fundinum lá tillaga að umsögn um stofnun miðhálandisþjóðgarðs

Formaður stjórnar kynnti drög að umsögn um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Stjórn samþykkir umsögnina með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum. Umsögnin verði send á samráðgátt stjórnvalda.

9. Vatnajökulspjóðgarður á heimsminjaskrá 2019 - 1907009

Hlutverk Vatnajökulspjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO

Gestir

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðvörður á Þingvöllum - 14:00

Einar E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður á Þingvöllum hélt kynningu fyrir stjórn um hvað það hefur í för með sér að Vatnajökulspjóðgarður er nú kominn á heimsminjaskrá UNESCO.

10. Starfslýsing framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða - 1905024

Fyrir fundinum lágu drög að starfslýsingum framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða til samþykktar.

Stjórn samþykkir starfslýsingarnar

11. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Vatnajökulspjóðgarð - 2018-0014

Fyrir fundinum lágu drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar - trúnaðarmál

Stjórn fór yfir drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og skipulag Vatnajökulspjóðgarðs. Skýrslan verður bráðlega gerð opinber. Þar sem stjórn óskaði eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi þjóðgarðsins er umhugsunarvert að stjórnin hafi ekki fengið formlegt tækifæri til að koma athugasemdum við lokadrög skýrslunnar á framfæri.

12. Rekstur 2019 - 1908028

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um rekstur VJP í þremur skjölum en það eru:

1. Upplýsingar um rekstur janúar - Júní sem skilað var til ráðuneytis vegna 6 mánaða uppgjörðs ríkissjóðs.
2. Upplýsingar um rekstur janúar - júlí. ATH. Reikningar vegna júlí eru enn að berast og því eftir að bóka mikið af öðrum kostnaði vegna þess mánaðar. Laun eru fullbókuð nema orlofsskuldbinding fyrir júlí
3. Upplýsingar um innheimtu þjónustugjalda í Skaftafelli eftir að gjaldvélum var fjölgað sem og staðsetningum þeirra. Áhugaverð þróun.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:30

Fjármálastjóri fór yfir þær samantektir um reksturinn sem fyrir lágu á fundinu. Almennt er reksturinn í góðu jafnvægi en gæta þarf sérstaks aðhalds á seinni hluta ársins 2019 til að þau markmið náist að skila 60 milljóna króna rekstrarafgangi.

13. Ársreikningur Vatnajökulspjóðgarðs 2018 - 1908019

Staðfesting stjórnar

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri VJP - 14:40

Stjórn samþykkir ársreikning vegna ársins 2018 og lýsir yfir sértakri ánægju með að niðurstaðan var jákvæð um 19 milljónir .

14. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfundu.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir vék af fundi kl. 15:00

Óli Halldórsson vék af fundir kl. 15:05

Matthildur Þorsteinsdóttir vék af fundi 16:10

Fundi slitið kl. 16:15.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.